



## 1. fundur framkvæmdastjórnar haldinn heima hjá Bylgju 02.09.2010 kl.19.30.

Mættir: Davíð, Bylgja Mekkin.

### Dagskrá fundar:

Fundarefni:

1. Stefnt að því að klára eineltisáætlun sem allra fyrst (hægt að leggja fyrir næsta fund aðalstjórnar). Nýta áætlun frá ÍR til að bæta inn í það sem komið var hjá okkur.
2. Búninganefnd hittist 6.september næstkomandi og ákveður hvað koma skal í þeim efnum. Stefnt á að skilgreina hvaða búninga ætti að stefna á og fá þau mál í gang.
3. Fréttabréf verður búið til og sent út fyrir/í kringum mánaðarmót. Þarf að fá fréttir og myndir frá öllum deildum frá starfinu síðasta ár og hvað er framundan í vetur. Sendur verður greiðsluseðill með til allra Héraðsbúa 20 ára og eldri.
4. Hugmyndir fyrir næstu úthlutun tíma í íþróttahúsum ræddar. Allar geymdar á góðum stað til að nota næst.
5. Íþróttaskólamál rædd. Athuga hvernig Höttur getur komið að þeim málum.
6. Þarf að búa til nýjan samning varðandi rekstur Hettunnar. Draga þarf úr kostnaði vegna þrifa. Verður búið að skoða fyrir næsta fund stjórnar.
7. Posamál. Ákveðið að bjóða deildum að taka yfir posamálin. Davíð sendir tölvupóst á alla.
8. Stefnt að því að setja upp hillurnar í Hettunni sem allra fyrst.
9. Þarf að láta deildir vita af því að árgjald sé greitt til Intrum. Davíð sendir afrit af samningi til allra.
10. Heimasíðumál. Setjum töfluna inn í síðasta lagi um helgina. Einnig önnur gögn.

Fundi slitið kl 21:00

Sign.